



**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2024, fimmtudaginn 18. apríl kl. 09.03 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 16. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Saltvík. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Edda Ívarsdóttir

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson.

**Þetta gerðist:**

**1. Sérákvæði vegna endastöðvar Strætó við Skúlagötu**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að innakstur á endastöð Strætó við Skúlagötu móts við Klapparstíg verði eingöngu heimilaður við eystri enda svæðisins
- Að akstur vélknúinna ökutækja á endastöð Strætó við Skúlagötu móts við Klapparstíg verði óheimilaður að undanskildum akstri Strætó

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

**Fundi slitið kl. 09.05**

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Samgöngustjóri

**Sendandi:** Deild samgangna

### Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að innakstur á endastöð Strætó við Skúlagötu móts við Klapparstíg verði eingöngu heimilaður við eystri enda svæðisins
- Að akstur vélknúinna ökutækja á endastöð Strætó við Skúlagötu móts við Klapparstíg verði óheimilaður að undanskildum akstri Strætó

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.


Greinargerð:

Í tengslum við nýja tímabundna endastöð Strætó við Skúlagötu, vegna framkvæmda við Hlemm, er nauðsynlegt að setja upp viðeigandi merkingar og takmarkanir um umferð til að tryggja umferðaröryggi og svo akstur Strætó gangi greiðlega fyrir sig.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Teikning af umræddu svæði með fyrirhuguðum umferðarmerkjum



Teikning af umræddu svæði með fyrirhuguðum umferðarmerkjum